

Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

6. stjórnarfundur - haldinn 11. nóvember á skrifstofu GLÍ kl. 13:00

Mættir; Rögnvaldur, Kjartan, Sigmundur, Lambi og Sigurjón.

Fyrirliggjandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál
3. Fræðslu- og útbreiðslunefnd
4. Utanríkisnefnd
5. Mótanefnd
6. Upplýsingar um kostnað við utanlandsferðir 2025
7. Önnur mál
 - a. Fyrirliggjandi félagaskipti
 - b. Formannafundur ÍSÍ - breyting
 - c. Annað

1. Fundargerð fundar 5 samþykkt með áorðnum breytingum

2. **Fjármál.** Gjaldkeri hefur enn ekki fengið prókúru. Skráning hjá RSK tekur 4-6 vikur og nú eru liðnar um 5 vikur síðan beiðni var send þangað inn. Gjaldkeri hefur fengið meiri gögn og skoðnuaraðgang að reikningum sambandsins. Sigmundur hefur tekið saman útlagðan kostnað í utanferðir 2025. Frá áramótum og til 8. apríl, er kostnaður 5.517.534 krónur. Í lok september, vikunni fyrir Glímuping, bættust 648.457 krónur við.

Búið er að taka saman skv. fyrirliggjandi upplýsingum, kostnað pr keppanda á EM2025 og Opna Bretónska mótið. Upplýsingar eru takmarkaðar, enginn kostnaður kemur frá á EM nema 40.000 krónur sem staðfestingagjald (á flesta) en meiri upplýsingar eru um Opna mótið, þ.e. flug og líklega upphald. Þó eru ekki upplýsingar um hvort reikningar hafi verið sendir út, né hvort viðkomandi hafi greitt fyrir ferðirnar. Ekki heldur hvaða 5 auk keppenda, voru keyptir flugmiðar fyrir á Opna Bretónska mótið. Ekki kemur fram í fundargerðum neitt um ákvörðun um greiðslur kostnaðar fararstjóra og þjálfara sem fóru í þessar ferðir. Líklega er best að fá gjaldkera bráðabirgðastjórnar og fyrrverandi formann til að koma á fund núverandi stjórnar og upplýsa frekar um málið.

3. **Fræðslu- og útbreiðslunefnd.**

Glímukynningar í Þingeyjarsýslu og 60 ára afmælishóf GLÍ

Rögnvaldur og Sigurjón héldu norður í síðustu viku og héldu glímukynningar í 7 skólum fyrir 349 nemendur. Skólarnir voru Stórutjarnaskóli, Þingeyjarskóli að Hafralæk, Borgarhólsskóli á Húsavík, Öxafjarðarskóli, Grunnskólinn Þórshöfn, Reykjahlíðarskóli og á Grenivík. Mikil ánægja var hjá nemendum, skólastjórnendum og íþróttakennurum með kynningar. Nokkuð sláandi var að varla nokkur nemandi hafði hugmynd um hvað glíma er, nema í Reykjahlíð. Í leiðinni var haldið uppá 60 ára afmæli GLÍ að Hótel Sel í Mývatnssveit. Um 20 manns mættu í samsætið og þeim feðgum Gunnari Brynjarssyni og Pétri Gunnarssyni var afhent bronsmerki GLÍ. Bæði húsnæði og veitingar voru í boði Yngva Ragnars Kristjánssonar á hótelinu.

Hvað næst?

Til að ná einhverjum árangri með að koma glímu af stað aftur á svæðinu, þarf að gera eitthvað meira. Reyndar verða æfingar að Laugum einu sinni í viku fyrir þá glímumenn sem eru þar í skóla og mun Arngeir Friðriksson verða þeim innan handar. Til að koma á almennum glímuæfingum á svæðinu þarf að koma upp þjálfara eða þjálfurum og GLÍ getur aðstoðað við að halda grunnskólamót á svæðinu

Fræðslu- og útbreiðslunefnd er falið að móta frekari tillögur. Þó er ljóst að bregðast þarf skjótt við til að einhver árangur náist í framhaldi af þessum kynningum

Kynningar í Reykjavík

KR hefur boðið skólum í vesturbæ Reykjavíkur uppá glímukynningar og hefur verið vel tekið í það af skólastjórnendum og íþróttakennurum. GLÍ mun standa undir kostnaði við kynningar og KR mun verða að senda GLÍ skýrslur um tímasetningar, fjölda nemenda og tímafjölda.

4. **Útanríkisnefnd**

Nokkuð er um fyrirspurnir frá erlendum aðilum sem vilja koma með nokkra menn til keppni á Íslandi. Má nefna aðila frá Nígeríu og Indlandi. Þessum aðilum hefur verið svarað á þann hátt að ekki sé áhugi frá okkur á frekara samstarfi að svo stöddu.

Danskur hópur frá íþróttaskóla kemur hingað í nokkra daga í febrúar 2026 og óska eftir að fá að sjá glímuæfingu. Leitað verður til KR um að taka á móti þeim.

5. **Mótanefnd**

Fyrsta mótið verður 15 nóvember. Ákveðið er að hafa keppni í öllum flokkum í Melaskóla að öllu óbreyttu. Skráningar gætu verið betri en ekki erum margir keppendur frá HSK og ÚÍA og enginn úr Dölunum. Uppistaðan er frá KR. Rædd mönnun og fleira varðandi mótið á laugardaginn.

Tillaga að mótaskrá liggur fyrir. Þann 31. janúar verði Bikarglíma Íslands á Reyðarfirði, Grunnskólamót verði á Suðurlandi 21. eða 28. febrúar, Íslandsmót verði í Reykjavík 14. eða 21. mars og Íslandsglíman verði í Búðardal 11. apríl. Glímuþing verði haldið að loknu Íslandsmóti.

6. **Önnur mál**

- a. Beiðni um félagaskipti fyrir Gunnar Frey bórarinsson frá UMSS til KR liggur fyrir. Félagaskipti eru samþykkt og lætur ritari viðkomandi vita. Þar eð félagaskipti eru dagsett 1. október og berast GLÍ um það leiti, telst Gunnar Freyr löglegur með KR frá og með 11.11.2025.
- b. Formannafundur ÍSÍ verður föstudaginn 21.nóv. Breyttar tímasetningar eru á fundinum en nú liggur fyrir dagskrá.

Fundi slitið kl. 15:05. Næsti fundur verður á sama stað og tíma þriðjudaginn 18. nóvember.

Fundargerð skráð af Sigurjóni Leifssyni